





SKÁTARNIR

# GÁTLISTI FYRIR SJÁLFBÆRA VIÐBURÐI




## Kynning

Að vera sjálfbær snýst um að gera hluti sem valda lágmarks varanlegum skaða á vistkerfi okkar. Sem skátar eigum við alltaf að leitast við að gera okkar besta og við vonum að þessi gátlisti hvetji ykkur og kveiki upp nýjar hugmyndir um hvernig sé hægt að halda sjálfbærari viðburði. Það er mikilvægt að skipuleggja viðburði með sjálfbærni í huga þar sem það er auðvelt að halda mjög óumhverfsvæna viðburði. Saman skulum við byggja betri heim núna og fyrir allar komandi kynslóðir.




## Sjálfbærni á að vera í fyrirrúmi í skipulagningunni

Sjálfbærni ætti að vera hluti af hverju skrefi af skipulagsferlinu. Fólk hugsar venjulega fyrst um sjálfbærni eftir að það hefur tekið mikilvægustu ákvarðanir (eins og innkaup, val á vettvangi, fjárhagsáætlun o.s.frv.) og á þeim tímapunkti gæti verið of seint að gera breytingar. Sjálfbærni á ekki að vera það síðasta, heldur það fyrsta sem þið hugsið um.




## Hugsið árstíðarbundið

Árstíðir fylgja takti náttúrunnar og það ættum við líka að gera. Það er hægt að gera t.d. með því að bjóða upp á máltíðir með staðbundnum og árstíðarbundnum afurðum. Á sumrin er hægt að halda viðburðinn úti og spara þannig orku og gera viðburðinn skemmtilegri. Árstíðir hafa áhrif á vatnið og rafmagnið sem við þurfum til að halda viðburði.



## Gæði, ekki magn

Það snýst ekki um hversu mikið þú færð heldur meira um hvað þú færð. Hugsið því um gæði þess sem þið eruð að kaupa. Er það vistvænt? Getur þú stutt fyrirtæki á staðnum? Er það margnota? Mun fólk hafa hag af því að fá þetta?




## Reynsla, ekki hlutir

Sérstæð og áhugaverð reynsla er eftirminnilegrí en fullt af flottu dóti. Kvölddagskrá til að uppgötva náttúruna í kring, kennsla á einhverjum nýjum hæfileika eða gæðastundir með fólkinu í kringum okkur. Þetta eru hlutirnir sem við tökum virkilega með okkur þegar við förum heim. Hafið það til hliðsjónar við skipulagningu fjárhagsáætlunar.



SKÁTARNIR

# GÁTLISTI FYRIR SJÁLFBÆRA VIÐBURÐI



## Samgöngur og ferðalög

- Notist við umhverfisvæna ferðamáta líkt og almenningssamgöngur eða sameinist í bíla en það er bæði betra en að keyra einn á einkabíl
- Minnkið fjarlægðirnar sem þarf að ferðast til að komast á viðburðinn og á milli staða á viðburðinum til að koma í veg fyrir óþarfa notkun á bílum
- Ef hægt er hafið gistirýmið og viðburðarstaðinn sjálfan á svipuðum stað



## Matur og drykkur

- Kaupið staðbundnar, lífrænar og árstíðarbundnar vörur eins mikið og mögulegt er. Ef það er ekki hægt skaltu leitast eftir vistvænum og/eða umhverfisvottuðum vörum
- Hafið a.m.k eina máltíð með engum dýraafurðum á viðburðinum, því fleiri grænkeramáltíðir því betra.



## Búnaður, vörur og þjónusta

- Veljið íslenskt!
- Notið umhverfisvottaðar vörur og þjónustu (lífrænt, vistvænt, endurunnið, Fairtrade, notað o.s.frv.)
- Reynið að minnka/sleppa að gefa þátttakendum efnislega hluti en gefið frekar upplifanir og minningar. Ef þið teljið nauðsynlegt að gefa þátttakendum eitthvað sem þau nota á viðburðinum passið að það sé eitthvað sem nýtist þeim síðar á fleiri viðburðum eða í öðrum verkefnum
- Reynið að kaupa sem minnst af dagskrárefni fyrir viðburðinn, notið hluti sem eru nú þegar til, fáið lánað frá BÍS eða skátafélögum og ef nauðsyn krefur kaupið einungis hluti sem þið vitið að verða notaðir aftur eftir viðburðinn
- Biðjið þátttakendur um að koma með sína eigin brúsa, kaffibolla, inniskó til að minnka þrif og fjölnota servíettur



## Samfélagsþátttaka

- Hafið samfélagsþjónustu sem hluta af dagskrá viðburðarins. Reynið að styðja við hagkerfið á staðnum sem viðburðurinn er haldinn t.d. versla í búðinni í bæjarfélaginu í stað þess að flytja allt að heiman
- Miðlið umhverfis- og sjálfbærnismarkmiðum ykkar til þátttakenda svo að þau séu einnig meðvitaðari í kringum viðburðinn



## Kolefnisjöfnun

- Reiknið kolefnisfótspor viðburðarins og hafið það sem hluta af þáttökugjaldinu eða gefið þátttakendum leiðbeiningar um hvernig þau geta kolefnisjafnað þáttöku sína.